

Málstofa: Krefjandi starfsumhverfi – menning og vellíðan



Ingibjörg Loftsdóttir, sviðsstjóri rýni hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði. Starfaði sem sjúkráþjálfari bæði hér á landi og í Bandaríkjunum á árunum 1989 til 2010. Lauk MSc í Heilbrigðisvísindum frá HA 2007 og MSc í Stjórnun og Lýðheilsu (EMPH) 2010. Starfaði sjálfstætt sem verkefnastjóri og einnig sem framkvæmdastjóri Heils heims á árunum frá 2010 til 2014 en Heill heimur stóð m.a. fyrir ráðstefnum og útvarpsþáttum í forvarnarskyni. Hef starfað sem sérfræðingur hjá VIRK frá 2012 og sem sviðsstjóri frá 2013.

Erindi: Vel virk í vellíðan



Þóra Gunnarsdóttir deildarstjóri á Öldrunarlækningadeild C, L-4 á Landspítala. Hún útskrifaðist sem sjúkraliði árið 2005 og hóf störf á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í kjölfarið og starfaði til ársins 2009. Þóra útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur BSc frá Háskólanum á Akureyri árið 2009 og hóf störf á Bráðadeild Fossvogi þar sem hún starfaði til ársins 2016, þegar hún tók við starfi deildarstjóra á L-4. Frá árinu 2016 hefur hún sinnt gæðaverkefnum og fræðslu tengt atferlistruflunum sjúklinga með heilabilunarsjúkdóma á deild L-4 en einnig til hjúkrunarheimila og deilda á austurlandi. Sérstök áhugasvið Þóru eru annars vegar einstaklingsmiðuð nálgun til að auka vellíðan sjúklinga með heilabilunarsjúkdóma og hins vegar heilbrigt starfsumhverfi með áherslu á þjónandi forystu. Þóra útskrifaðist með MS í mannauðsstjórnun febrúar 2019.

Erindi: Þjónn sem leiðtogi: Landspítali - Viðhorf til stjórnunar og forystu



Helga Pálmadóttir, aðstoðardeildarstjóri á bráðadeild Landspítala í Fossvogi. Hefur unnið sem hjúkrunarfræðingur á bráðadeild Landspítala í Fossvogi og á Hjartagátt á Hringbraut frá 2004.

Lauk MPH námi frá Háskólanum í Reykjavík 2010 og MSc í stjórnun-og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2019. Hún er sendifulltrúi fyrir Rauða kross Íslands og hefur farið í tvær ferðir á þeirra vegum. Til Nepal 2015 og Suður Súdan 2016.

Erindi: Vinnustaðamening hjúkrunarfræðinga í bráðþjónustu á Landspítala



Ragna María Ragnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri á bráðadeild Landspítalans. Hefur starfað á bráðadeildinni frá útskrift úr hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands árið 2003. Lauk diploma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu árið 2017 og MS í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands í febrúar 2019.

Erindi: Viðhorf og upplifun hjúkrunarfræðinga á bráðadeild Landspítala til vinnustaðameningar

Málstofa: Áskoranir í sjúkraflugi á Íslandi



Sveinbjörn Dúason hóf störf sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður hjá Slökkviliði Akureyrar 1983 en hefur starfað sjá Sjúkraflugi ehf frá árinu 2013. Hann er bráðatæknir, leiðbeinandi í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna og barna. Félagi í Súlum björgunarsveitinni á Akureyri. Með BS í viðskiptafræði og MS í heilbrigðisvísindum.

Erindi: Þróun sjúkraflugs síðastliðin ár - fjöldi fluga, flugvélar, búnaður, mönnun



Bergþór Steinn Jónsson útskrifaðist frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 2016. Síðan þá hefur hann starfað á Sjúkrahúsinu á Akureyri, fyrst sem kandídat og síðan sem sérnámslæknir á lyflækninga- svæfinga- og gjörgæsludeild. Hann hefur verið læknir í sjúkraflugi frá árinu 2017. Hann er leiðbeinandi í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna og barna. Hann er einnig sjúkraflutningamaður, björgunarsveitamaður og leiðbeinandi í fyrstu hjálp hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. Árið 2013 hafði Bergþór frumkvæði að stofnun Bjargráðs, félags læknanema sem stendur fyrir skyndihjálparkennslu framhaldsskólum.

Erindi: Dagur í sjúkraflugi - forgangsröðun og lausnir á álagstíma.



Corina Labitzke, anaesthesiologist working as flight doctor for Sjúkraflug. Graduated Ernst-Moritz-Arndt-University in 2005 and has worked as a specialist in anaesthesiology, intensive and emergency care in Germany, Luxembourg and Switzerland. Has started working at SAK in October 2018. Special interests in cardiothoracic anaesthesia, palliative care and ultrasound in perioperative medicine.

Erindi: Challenges and priorities in air ambulance services



Málstofa: Réttur sjúklingur á réttum stað

Bryndís Guðjónsdóttir útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands 1981 og hefur starfað nær óslitið við hjúkrun og stjórnunarstörf síðan. Hún er með diplománám í NLP markþjálfun Bryndís starfaði sem hjúkrunarfræðingur á skurðeild LSH og síðar á Ríkisspítala í Odinsvéum, rekstrarstjóri heilsugæslu Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og síðar hjúkrunarforstjóri þar. Hjúkrunarforstjóri hjúkrunarheimilinu Hulduhlíð Eskifirði. Hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku í Fossvogi frá árinu 1999-2004 Var í Útskriftarteymi LSH og var jafnframt að sinna innlagnarmálum og leysti innlagnarstjóra af Er deildarstjóri á Bráða og göngudeild G3 og hef gengt því starfi frá árinu 2010.



Jón Magnús Kristjánsson er yfirlæknir bráðalækninga á LSH. Hann er sérfræðingur í bráðalækningum og almennum lyflækningum frá háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð. Hann hefur unnið að fjölda gæða- og umbótaverkaefna á deildinni undanfarin ár.

Erindi: Bryndís og Jón Magnús kynna samstarfsverkefni Landspítala við heilsugæslu og Læknavakt og kynna áhrif á komutölur í kjölfar verkefnisins.



Stefán Hrafn Hagalín, deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala.

Starfsferill Stefáns Hrafns hefur fram til þessa spannað 2 ár á bensínstöðvum, 10 ár í blaðamennsku, 14 ár í upplýsingatækni, 3 ár í iðnaði, 1 ár í fjármálageiranum og núna 2 ár í heilbrigðisþjónustu hjá Landspítala. Vinnustaðirnir hafa í tímaröð verið Shell, Esso, Alþýðublaðið, Helgarpósturinn, Tölvuheimur, Bylgjan, Stöð 2, Opin kerfi, Íslenska netfélagið, SA-Asía, Teymi (Oracle), Skýrr, Advania, Oddi, Auðkenni og Landspítali. Hann er fimm barna faðir og á tvö barnabörn. Stefán Hrafn er með knattspyrnudómararéttindi og dæmir um 100 leiki árlega.

Erindi: Umferðarstýring í heilbrigðiskerfinu með samfélagsmiðlum

Óskar Reykdalsson yfirlæknir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og

Teitur Guðmundsson Heilsugæslunni Urðarhvarfi

Erindi: Bráðamóttökur á heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu og Læknavaktinni

Málstofa: Kynferðisofbeldi - frá Neyðarmóttöku til kæru



Pétur Guðmannsson réttarlæknir. Útskrifaðist frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 2010 og flutti út í sérnám árið 2012.

Stundaði sérnám í Svíþjóð hjá Rättsmedicinalverket og flutti til Íslands haustið 2018.

Rannsóknir og sérstök áhugasvið: Hjartasjúkdómar í tengslum við skyndidauða, hálsáverkar, banvænar árásir dýra og réttarlæknisfræðileg vefjafræði.



Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi í kynferðisbrotadeild hóf störf í hjá lögreglunni árið 1986 og starfaði fyrstu árin við almenna löggæslu. Frá árinu 1992 til 1997 starfaði hann við rannsóknir vegna fíkniefnamála. Frá árinu 1997 til 2015 starfaði hann við rannsóknir alvarlegra ofbeldisverka og kynferðisbrota. Frá árinu 2015 fram til dagsins í dag hefur hann starfað eingöngu við rannsóknir kynferðisbrota og í dag fer hann fyrir teymi sem rannsakar kynferðisbrott gegn börnum og fólki í viðkvæmari stöðu. Auk þessa hefur Kristján kennt lögreglumönnum yfirheyrslutækni frá árinu 2007.



Hrönn Stefánsdóttir útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 2003, bjó og starfaði í Kaliforníu Bandaríkjunum á árunum 2004-2011 og flutti til Íslands sumarið 2011. Hún byrjaði á Göngu- og bráðadeild Landspítala 2011 og starfaði þar í 2 ár og byrjaði á bráðadeild árið 2013. Varð Neyðarmóttökuhjúkrunarfræðingur í maí 2013 og tók við verkefnastjórstöðu Neyðarmóttökunnar árið 2016. Hóf diplómanám í geðhjúkrun árið 2015 og er núna í Mastersnámi í geðhjúkrun.



Málstofa: Hópslys frá vettvangi á sjúkrahús- tækifæri og áskoranir

Guðrún Lísbet Níelsdóttir er hjúkrunarfræðingur að mennt með sérhæfingu í hættu-og hamfarastjórnun. Hún hefur starfað á Landspítala frá 2006, framan af við bráðahjúkrun en nú við verkefni er varða viðbragð og viðbúnað við stærri atburðum.

Erindi: Hópslys á Íslandi tækifæri og áskoranir.

Auðbjörg Bjarnadóttir hjúkrunarstjóri HSU Kirkjubæjarklaustri og sjúkraflutningamaður
Erindi: Reynsla af vettvangi rútuslyss við Eldhraun 2017.

Linda Jónsdóttir innlagnastjóri, flæðisdeild LSH
Erindi: Reynsla innlagnastjóra í kjölfar rútuslysa 2016 og 2017